Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1967, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Bréf – Stefanía Kristjánsdóttir – Grettir Leo Jóhannson – Markús Örn Antonsson – Steingrímur Hermannsson – Ásgeir Ásgeirsson – Jón Ísberg – Geir Hallgrímsson – Jón Ragnar Johnson

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

*Einkaskjalasafn nr. 360*
*Stjórnmálamaðurinn*
Askja 2-34, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Laugaveg 158 17/4

Heiðstvirti (Vinur og herra Lans og Liðs) Gleðilegt Sumar.

það kann að sinast i orði kveðnu að forseti Islands sé herra.
Enn mér er oft spurn á hvers Herðum ber meiri hiti og þunga dag-
anna i stjórnmálum. Já hvor leggur meir á Sál og sinni i
i stríð og baráttu eg vil segja við övina hér. Og hundrað spurninga
mætti ylgja þessa átt þessu líka!

Eg þakka innilega liðna tíð. Og finn vel hvað eg er
stór sek að eg Leifi mér enn á ný að krassa hér línu hálfblind
Slíkum Herra, því hárri elli fylgir svo mart bull og fávís legt.

Hvert á eg að fara hverna á eg að biðja þannig er mál
mitt nú Að sama i vetur Var hellulögð stjett frá Rauðarár
stíg að húshorni þar sem eg er. Eg var svo hrifin að fá stjett þar
eg átti enn að eg sé að þeir eru hættir og farnir burt Gleimdu sér
mona um að leggja þessa faðma fyrir húsinu Nú i rigninga tíðum
i Vetur Hefi eg ekki komist min að eiga heima i þessu Húsi!
því það hefur oft flóð já oft straumur sem hefur megið til sloppast
við steinstjettina það er svo mjög lagt á norður hlið hússins sem
alt vatni i kring seyti i lagðina það er kostnlegt að Borgarráð skuli
láta sér mona þar sem allra helst þurf hellulagt um skilja það eftir

I þessu húsi er hægjara krakka sem hefur söltast úr en blauta
Og forinni til að opna hurðina og uppi stiga til mín fyrir ekki
annað að fylgja Enn fjárhalds hefur það kostað mig sama
sú ekki að eg hefði tvo til borga kostgángara fyrir ekki neitt
þetta er mér að kenna þar sem eg er ekkert i att við Bornin

Nú þegar og þann þessar ljótu línur þá er komið burtu
Og frost og allt að þorna enn sem er laungunin að fá hellur
því eftir vana verður ekki langt þar til rignir.

Og bið innilegs fyrirgefningar á efni brefsins því hún er visst mjög óviðeigand við yðar stórtlera nafn.

Þessar krónur eiga að fara í Varðarfjelagið Með hjartans þakklæti fyrir dásamlegu bókina sem mér var send 40 ára þérskilið. Ef eg væri nú sem væri eg búin að læra hana svo oft les eg í henni meira oftar en í Hundrað bókum sem eg á, Ó allar Mindirnar,

Mér finnst að eg vera Tugthúsverð ~~[illegible]~~ ferir svona blað til yðar

Að svo mæltu Bið eg Guð að styrkja yður og blessa Og alla í elskulegri stjórn sem yður fylgja á þeim Mikla degi í Vor og í framtíð, því óhappa öflin er svo mörg.

Trúdu á tvent í heimi.
Tign sem æðri ber.
Guð í alheims geimi.
Guð í sjálfum þér. Svo sagði skáldið góða.

Stefanía Kristjánsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bispebjergs Hospital,
Kaupmannahöfn

BESSASTÖÐUM 17.4.67.

Kæri forsætisráðherra,
Bjarni Benediktsson.

4. þ.m., daginn áður en jeg var „opereraður" skrifaði jeg sendiherra í Wash. D.C., og bað skrifstofuna hjer að senda afrit til þín og utanríkisráðuneytis. Tilefnið var að P.Th. hafði sent beint hingað til G.Th. afrit af brjefi sínu, dags. 31. f.m., til utanríkisráðuneytisins um „að forseti Íslands ávarpi Bandaríkjaþing" og „erfitt að neita slíku þegar í hlut á þjóðhöfðingi þeirrar þjóðar, sem hefir elzta löggjafarþingið.

Mitt svar var, að jeg teldi ekki eftir mjer að flytja slíkt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ávarp, þó mjer væri vel ljóst, að það væri ekki hægt að gera svo öllum líkaði — en lagði áherzlu á, að slíks væri enki farið á leit, ef það gæti talist frekja, eða líklegt til að valda U.S. óþægindum í sambandi við aðra.

Jeg hefi hvorki frjett að heiman eða frá P.Tr. nánar um þetta mál. En nú þegar jeg er farinn að hressast, þá velti jeg því meir fyrir mjer. Jeg vil með engu móti að U.S.-stjórn sjett sett í neina klípu, eins og kemur skýrt fram í fyrra brjefi mínu. „Elzta löggjafarþingið," er ekkert „argumenti", þó það væri notað í fyrra*) til að stöðva aðra. Er líklegt að þeim

*) í Israel

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

¿U.S. þætti þetta óþægileg mála-
leitun vegna Keflavíkur-
samningsins og annarra hlið-
stæðra málaleitana. Jeg hugsa
bara til SuðurAmeríkumanna:
fullir af málæði og „good-
neibourship". Jeg símtala nú
við P. Fr., og læt ykkur vita
nánar. Ef ykkur Emile þykir
rjettara að láta slíka mála-
leitun niður falla nú þegar,
þá látið þið P. Fr. vita. Jeg
hefi ekki verið „primus
motor".

Mín líðan er dagbatn-
andi. Læknarnir virðast
líta á mig sem premiu-sjúk-
ling: þ.e.a.s. árangur sinna
eigin aðgerða. En rekonvalesent-
tími er talinn að þurfi að
vera nokkuð langur.

Kær kveðja!

Ásg. Ásgeirsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BESSASTÖÐUM

9. 4. 68.

Kæri forsætisráðherra!
Hér er krossinn handa Ragnari, konsúl, frænda þínum. Jeg bið fyrir góða kveðju til hans, og allra sem kunna að minnast á heimsókn mína í fyrra-sumar.

Ásg. Ásgeirsson

P.S. Diplomið fær hann síðar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði, 16. maí, 1967

Ungi kjósandi:

Við kosningarnar 11. júní n.k. munu nálægt því 12000 æskumenn og konur neyta kosningaréttar síns í fyrsta sinn. Þetta er myndarlegur hópur og reiðubúinn að taka við og varðveita sinn dýrmæta arf, sjálfstætt land, menningu þess, sögu og tungu. Þú, ungi kjósandi, ert í þessum hópi. Við Íslendingar þurfum ekki að kvíða framtíðinni, ef við búum ykkur viðunandi starfsgrundvöll.

Á næstu árum bíða ykkar margar örlagaríkar ákvarðanir. Þið munuð stofna heimili, velja lífsstarf, ákveða ykkar framtíðarbúsetu og eðlilega viljið þið einnig eignast ykkar eigið húsnæði. Þið hljótið því að kanna vel grundvöllinn allan, eins og hann er í dag, og vanda vel, með atkvæði ykkar í kosningunum, val þeirrar stefnu, sem þið viljið að fylgt verði á næstu árum.

Í þessum fáu orðum er ekki unnt að kryfja til mergjar stefnur stórnmálaflokkanna í þjóðmálum. Öllum má þó vera ljóst, að verðbólgan, sem fylgt hefur í kjölfar stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og fjármálum, hefur kippt fótum undan okkar aðalatvinnuvegum.

Hinn ungi sjómaður kemst ekki á síld og frystihúsin eiga í stórkostlegum erfiðleikum.

Ungur bóndi ræður varla við þá miklu fjárfestingu, sem nauðsynleg er nú til þess að stækka búið og búa honum og fjölskyldu hans sæmileg lífskjör.

Iðnfyrirtækin loka hvert af öðru vegna fjárhagserfiðleika.

Íbúðarkostnaður hefur meira en tvöfaldast á undanförnum árum.

Á meðan þetta gerist heldur ríkisstjórnin að sér höndum og forðast að vinna skipulega að efnahags- og atvinnumálum. Það eru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kölluð höft. Þó er vafasamt, að þjóðin hafi nokkru sinni áður kynnzt verri höftum, en fjármagnshöftum núverandi ríkisstjórnar.

Framsóknarflokkurinn, hins vegar, vill aukið samstarf ríkisvaldsins, atvinnufyrirtækja og einstaklinga í hverju byggðalagi. Hann vill með slíku samstarfi gera framkvæmdaáætlanir, sem miða að skipulegri byggðaþróun í öllum greinum þjóðlífsins. Þannig viljum við skapa öryggi í stað þeirrar óvissu, sem nú ríkir, og dugmiklum einstaklingum frelsi til þess að beita atorku sinni og hugmyndaflugi í hinni stöðugu baráttu þjóðarinnar fyrir bættum lífskjörum.

Með þessum línum vil ég leggja áherzlu á það, að þú, ungi kjósandi, kynnir þér sem bezt stefnu Framsóknarflokksins, störf hans og sögu. Framsóknarflokkurinn er ekki aðeins stærsti flokkurinn í sveitum landsins, heldur einnig annar stærsti flokkurinn í þéttbýlinu. Framsóknarflokkurinn hefur tekið við hlutverki Alþýðuflokksins á meðal vinstrimanna í bæjunum, síðan sá flokkur gekk íhaldinu á hönd. Framsóknarflokkurinn gengur samhentur og sterkur til kosninganna og er eina öfluga stjórnarandstaðan í dag.

Það er sannfæring mín, að fátt sé nauðsynlegra þeim ungum mönnum og konum, sem ekki njóta einhverra sérréttinda í þjóðfélaginu, en að breytt sé um stefnu. Þetta verður aðeins gert með því að styðja Framsóknarflokkinn í kosningunum 11. júní n.k.

Með kveðju,

f.h. frambjóðenda Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi,

Steingrímur Hermannsson

Steingrímur Hermannsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Canadian Overseas Telecommunication Corporation
VIA "CANADIAN"
CANADIAN OWNED : CANADIAN OPERATED
PROPRIÉTÉ CANADIENNE : OPÉRATION CANADIENNE

URGENT
FULL RATE PLEIN TARIF
LETTER LETTRE / (LT)
SOCIAL (GLT)

PLEASE SEND THIS MESSAGE VIA "CANADIAN" SUBJECT TO THE CONDITIONS PRINTED ON THE BACK
VEUILLEZ EXPÉDIER CE MESSAGE SUJET AUX CONDITIONS IMPRIMÉES AU VERSO

DIRECT CIRCUITS TO • CIRCUITS DIRECTS
ARGENTINE, AUSTRALIA, BERMUDA, BARBADOS, DENMARK, FRANCE, GERMANY, GREAT BRITAIN, ITALY, JAMAICA, JAPAN, NETHERLANDS, NEW ZEALAND, NORWAY, SWEDEN, SWITZERLAND
AND FAST SERVICE TO ALL OTHER PARTS OF THE WORLD • ET SERVICE RAPIDE POUR TOUTES LES AUTRES PARTIES DU MONDE

NIGHT LETTER

JULY 8, 1967.

MARKUS O. ANTONSSON
ICELANDIC TELEVISION TEAM
BEACON ARMS HOTEL
OTTAWA

LETTER RECEIVED FROM PRIME MINISTER BENEDIKTSSON ALONG WITH PROPOSED ITINERARY YOUR TEAM VISITING MANITOBA JULY FIFTEENTH TO EIGHTEENTH STOP STRONGLY URGE YOUR TEAM NOT TO COME FORWARD AT THIS TIME OWING TO IMPOSSIBILITY TO IMPLEMENT YOUR SUGGESTIONS STOP NO ICELANDIC CHURCH SERVICES XXX DURING SUMMER MONTHS AND ICELANDIC PASTORS ON VACATIONS OTHER PROMINENT PEOPLE EITHER AWAY OR TOO BUSY TO GIVE TIME AND ATTENTION TO FURTHERING YOUR PRAISEWORTHY IDEAS WITHOUT PROPER PROGRAMMING WELL IN ADVANCE STOP WOULD SUGGEST THAT YOUR TEAM COME WHILE PRESIDENT OF ICELAND IS VISITING MANITOBA AND SCHEDULED PROGRAMS WILL TAKE PLACE UNDER IDEAL CONDITIONS AND SO RECORD SEVENTY NINTH ISLENDINGADAG FOR POSTERITY STOP MY TIME COMPLETELY COMMITTED UNTIL AFTER PRESIDENT'S VISIT AND SINCERELY REGRET THIS IMPROMPTU APPROACH TO A MARVELOUS IDEA STOP PERSONAL GREETINGS TO ALL

GRETTIR LEO JOHANNSON
CONSUL GXXERAL OF ICELAND
GENERAL

*************************

CHARGE TO
CONSULATE GENERAL OF ICELAND
76 MIDDLE GATE
WINNIPEG 1.
'PHONE 774-5270

FILE THIS MESSAGE WITH ANY CANADIAN PACIFIC OR CANADIAN NATIONAL TELEGRAPH OFFICE
DÉPOSEZ CE MESSAGE À N'IMPORTE QUEL BUREAU DE TÉLÉGRAPHE DU PACIFIQUE CANADIEN OU CANADIEN NATIONAL

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ljósrit sent skr. isk forseta þ.r.

Sendiherrabústað
Kaupm. höfn

BESSASTÖÐUM 21.4.67

Kæri Þorleifur!

Þakka allar sendingarnar, sem komu í gær.

<u>Dagskrá Ísraelsforseta</u>; Jeg verð að taka á móti Shazar á flugvelli 4/6 þó framorðið sje. Dagskráin er einn þjettskipuð og vant er. x)

<u>Gripakassinn</u>. Það er byggt á þeim misskilningi, að gjafir sjeu afhentar persónulega í Höllinni. Þær verða allar sendar fyrirfram og settar á sýningu fyrir almenning. Svo vegna sýningarinnar þarf engan kassa. Má ræða síðar við útstillingarmenn, hvernig

x) Eða að jeg taki á móti, nema frá 12–7 á nóttunni, ef þvílíku [illegible] er fylgt heima. Því líka eftir sendiherrastað.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bezt er að koma fyrir gripum, svo ekki sje eyða fyrir okkar gjöf; t.d. Hnakkar, beizli, svipur og góð mynd af hryssunum? Því heima geta ákveðið um kassann x) og vísan um brennivínsleysi, brotnar flöskur og ótrúa vini er ó̲t̲æ̲k̲.

Jeg flutti hingað í gær, sumardaginn fyrsta. En hefi samband við lækna, og hjúkrunarkona kemur eigna umbúða. Það virðist ekki ferðafær. En allt gengur eftir óskum.

Jeg talaði við P. Thorst um: að hann væri frjáls um Winnipeg til (Íslendingadag).

P. Th. spurði hvort konan gæti ekki með í forsetalunch í Wash. D.C. Jeg sagði Pjetri að í

x) Ekki þó nema sjeð íslenzka svipinn okkar þar.

boðsbrjefinu, sem Penfield afhenti mjer, hafi mjer einum verið boðið í þá heimsókn, og Penfield tók fram munnlega, að lunchinn yrði „stag-lunch“.

Þú lætur Bj. Ben. og Emil hafa afrit af þessu brjefi;

Kær kveðja!

Ásgeir Ásgeirsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FORSÆTISRÁÐHERRA

Reykjavík 13. maí 1967.

Heiðraði vinur!

Þó að nokkur dráttur hafi orðið, þá vil ég ekki fara í hvítasunnu-frí án þess að þakka þér drengskaparbragð þitt á dögunum. Sannast að segja varð ég fyrir vonbrigðum af samtölum okkar hér, en hefi því meiri þörf til að láta þig vita, að ég kann vel að meta yfirlýsingu þína á Blönduósfundinum.

Með beztu kveðjum
þinn einlægur
Bjarni Benediktsson

Hr. sýslumaður
Jón Ísberg
Blönduósi
Húnavatnssýsla.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FORSÆTISRÁÐHERRA

13. maí 1967.

Góði vinur!

Heiðurskona að nafni Stefanía Kristjánsdóttir hefur árum saman af litlum efnum, – hún er fjörgömul og eignalaus – sent flokknum styrktarfé. Hún sendi um miðjan apríl 500 kr., sem hún bað mig að koma til Varðar eins og ég gerði, en kvartaði jafnframt sáran yfir að rétt þar sem hún býr á Laugaveg 158 hefði verið hætt að leggja steinstétt, sem náði þarna inn-undir frá Rauðarárstíg, og segir þetta valda sér baga og miklum

ó þrifum v. krakka-vaðals, sem gengi inn og út hér sem og hún vill ekki amast við í einstæðings-skap sínum. Góði Geir, láttu nú ganga í að koma þessu skjótlega í lag fyrir gömlu konuna!

Þinn einlægur
Bjarni

Hr. borgarstjóri
Geir Hallgrímsson
Borgarstj. skrifstofu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FORSÆTISRÁÐHERRA

July 7th 1967.

Dear Ragnar.

Best thanks for your letter and congratulations. We are glad to hear that you are all happy and in good health.

I am sorry to say that our victory was not quite clean-cut. My party lost a lot of votes, chiefly here in Reykjavik and the neighbourhood, but most of them went to our partners in the Government, the Social-Democrats. The reasons for this are complicated. Together the two governmental parties received about 53.5% of the total votes cast, or only 1% less than we got in 1959, when we took over. In 1963 the Social-Democrats lost about the same proportion of their votes, as we lost now. If they had lost votes again it would have been serious for our coalition, because they would have become afraid. Therefore, we can say, that our loss now and their gain was a blessing in disguise, but just the same, we did not like it. Our party now has 23 seats in the Althing, lost one, and the Social-Democrats 9 seats, having gained one. Combined this is just the number we need, and when we consider the long time that we have been in power, and the growing difficulties on account of a bad fish-catch, and a great price-fall of fish, we are on the whole very satisfied. We foresee difficult times ahead, but you cannot have it both ways; both win and avoid the responsibility.

From our family I have only good news. A nephew of my wife's, Markús Örn Antonsson, is going to Canada as a TV-reporter with our President. If

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

you should meet him, I would be glad if you recognized him.

Until now I have not been able to take any vacation, but I am looking forward to spending now some 3 - 4 weeks out at Þingvellir.

With our best regards.

Mr. Jón Ragnar Johnson,
584 Briar Hill Avenue,
Toronto 12, Ontario,
Canada.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FORSÆTISRÁÐHERRA

13. maí 1967.

Kæra frú Stefanía!

Ég þakka yður mjög vinsamlegt bréf og góðar óskir. Mér er slíkt meiri uppörfun, en þér sennilega í fljótu bragði skiljið og er þakklæti mitt því meira. Sendinguna til Wardens kom ég strax til skila og vona, að þeir hafi þegar þakkað, því að drátturinn hafi orðið á, að ég skrifaði vegna margvíslegra frátafa. Nú hefi ég beðið borgarstjórann sjálfan að sjá um, að stéttin verði lögð og bið yður að láta mig vita, ef svo verður ekki gert innan tíðar.

Með beztu kveðjum og þökkum Bjarni Benediktsson

Frú Stefanía Kristjánsdóttir

Laugaveg 158

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur